

**REGLUR UM
LÆKKUN EÐA NIÐURFELLINGU
FASTEIGNASKATTS.**

1. gr.

Fasteignaskattur sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, skal við árlega álagningu lækka eða falla niður samkvæmt viðmiðun um tekjumörk sem bæjarstjórn ákvarðar árlega í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi álagningarár.

2. gr.

Aðilar sem geta átt rétt á afslætti samkvæmt reglum þessum þurfa að uppfylla eftirfarandi:

- a) að vera ellilífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa orðið 67 ára næsta ár á undan álagningarári.
- b) að vera örorkulífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa a.m.k. 75% örorku næsta ár á undan álagningarári. Einnig geta þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári geta sótt um hlutfallslega lækkun frá því að örorkumat tók gildi.

3. gr.

Miða skal við heildartekjur hverju sinni óháð því hvort um skattskyldar tekjur sé að ræða. Í þeim tilvikum sem tekjur á álagningarári lækka verulega þannig að sýnt sé að þær muni verða undir viðmiðunarmörkum skal bæjaráði heimilt að fella niður álagðan fasteignaskatt. Þeir sem eiga rétt á niðurfellingu fasteignaskatts samkvæmt þessari grein þurfa í öllum tilvikum að sækja um niðurfellingu og leggja fram staðfest afrit af skattskýrslu

4. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda eingöngu um íbúðarhúsnæði þar sem viðkomandi gjaldandi á lögheimili.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur er bæjarstjórn samþykkti 6. apríl 2006 og 20. desember 2007.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
18. desember 2008*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*